



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
postur@anr.is

Reykjavík, 09.10.2020
Tilvísun vor: M-2020-291/ 00.11

Efni: Drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, mál nr. S-202-2020

Landsvirkjun þakkar fyrir tækifærið að skila inn umsögn um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun.

Landsvirkjun fagnar því að nýsköpun sé veitt sérstök athygli af stjórnvöldum. Orkutengd nýsköpun mun leika stórt hlutverk við að raungera Orkustefnu Íslands og Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum, m.a. við að hraða orkuskiptum í samgöngum og iðnaði. Landsvirkjun er nýsköpun hugleikin og hefur undanfarin ár m.a. stutt við uppbyggingu sprotafyrirtækja á sviði orkutengdrar nýsköpunar í gegnum Startup Energy Reykjavík.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og undirdeildir hennar hafa um árabil veitt mikilvæga þjónustu á sviði sérhæfðra rannsókna tengdum orkuvinnslu á Íslandi. Landsvirkjun vil benda á mikilvægi þess að sérhæfður tækjabúnaður sem hefur verið rekinn af Nýsköpunarmiðstöð Íslands og nauðsynlegur er til rannsókna tengdum orkuvinnslu héraendis haldist í rekstri og sé fyrirtækjum aðgengilegur til sérhæfðra verkefna. Þar er meðal annars átt við búnað til tæringarrannsókna á málmum við jarðhitánytingu, efnagreiningartæki og annan sérhæfðan búnað sem einkaaðilar eða háskólar búa ekki yfir og er nauðsynlegur fyrir nýtingu orkuauðlinda landsins og til ýmissa rannsókna.

Landsvirkjun fagnar áherslu á samstarf við landshlutasamtök sveitarfélaga og sóknaráætlanir landshluta. Nýting orkuauðlinda landsins skapar oft staðbundin tækifæri til nýsköpunar og aukinnar verðmætasköpunar. Landsvirkjun hefur að undanförnu átt í samstarfi við landshlutasamtök bæði á Norðurlandi Eystra og Suðurlandi í uppbyggingu samstarfsverkefna á sviði sjálfbærni og nýsköpunar sem miða að þróun nýrra tækifæra á þeim svæðum. Þar er m.a. um að ræða verkefnið EIM á Norðausturlandi og Orkídeu á Suðurlandi. Landsvirkjun hefur einnig skoðað samstarf í öðrum landshlutum.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

ÞÓRÓLFUR NIELSEN

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni